

---

## Framboðsbréf

### Formannskjör Félags sjúkraþjálfara



Kæru félagar í Félagi sjúkraþjálfara,

Ég heiti Gunnlaugur Már Briem og ég býð mig fram til endurkjörs sem formaður Félags sjúkraþjálfara.

Síðastliðin tvö ár hef ég notið þeirra forréttinda að starfa sem formaður Félags sjúkraþjálfara. Verkefni félagsins eru krefjandi en á sama tíma gefandi og fjölbreytt. Ég tel mikilvægt að formaður hafi góða þekkingu á helstu áskorunum félagsins og fagsins til að leiða þau fjölmörgu verkefni sem framundan eru. Ég óska eftir áframhaldandi stuðningi ykkar til að vinna að og berjast fyrir hagsmunum, kjörum og faglegrri þróun félagsfólks og fagsins.

#### Hver er ég?

Ég hef víðtæka reynslu af félagsstörfum og hagsmunagæslu fyrir félagsfólk Félags sjúkraþjálfara og háskólamenntaðra. Ég var kjörinn formaður Félags sjúkraþjálfara árið 2022 en áður gegndi ég embætti varaformanns félagsins (2018–2022). Ég hef setið í samninganefndum fyrir félagið sem og í samráðsnefndum um stofnanasamninga á Landspítala. Í dag gegni ég enn fremur embætti varaformanns BHM (2023–). Í þessum verkefnum hef ég öðlast víðtæka reynslu á sviði stjórnáslu, samskipta við ráðuneyti og aðra hagaðila.

Sú reynsla sem ég tel upp hér að ofan væri þó til lítils hefði ég ekki innsýn inn í þau verkefni og áskoranir sem félagsfólk mætir í verkefnum sínum á hverjum degi. Ég hef starfað sem sjúkraþjálfari síðan ég útskrifaðist árið 2009. Ég hef verið svo lánsamur að hafa fengið reynslu af ólíkum starfsstöðvum og verkefnum frá útskrift. Ég hóf starfsferilinn með því að starfa sem sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfari á stofu, þaðan lá leiðin á Landspítalann þar sem ég starfaði á Líknardeild í Kópavogi og á Grensás deildinni. Þaðan lá leiðin á almenna markaðinn, þar sem ég starfaði við vinnuvernd í rúm 4 ár við að veita ráðleggingar og sinna forvörnum og halda fyrirlestra á alls kyns vinnustöðum. Auk þessara verkefna hef ég einnig komið að verknámskennslu sem og stundakennslu við HÍ þar sem ég hef fjallað um markaðsfræði og ímynd sjúkraþjálfara.

Hagsmunagæsla félagsfólks fer fram á mörgum vígstöðvum og má þar nefna mikilvægi BHM sem Félag sjúkraþjálfara er aðili að. BHM eru heildarsamtök háskólamenntaðra, með 24 aðildarfélög og yfir 18 þúsund félögum. Mikilvægt er að rödd og þekking á áskorunum heilbrigðismenntaðra á vinnumarkaði sé sterk innan heildarsamtakanna og hef ég verið ötull að tala fyrir hagsmunum félagsfólks á þeim vettvangi. Ég var kosinn sem varaformaður BHM árið 2023 og sit núna í fimm manna vinnuhópi um heildarendurskoðun á innra starfi bandalagsins með von um að bæta hag og þjónustu til alls félagsfólks.

Annar þáttur sem er mikilvægur fyrir hagsmuni félagsins og ekki síst smærri þjóða, er sterkt alþjóðlegt samstarf. Norðurlöndin og Evrópa leiða mikla og góða þróunar- og fagvinnu. Mikill styrkur felst í góðri samvinnu milli þjóða sem deila sameiginlegum hagsmunum og áskorunum. Á síðasta ári tók ég þátt í Leadership Programme hjá World Physio sem ætlað er að efla fólk og félög í hagsmunagæslu og að bæta þjónustu við félagsfólk.

## Starf mitt fyrir Félag sjúkraþjálfara

Ég er stoltur af þeim tveimur árum sem ég hef starfað sem formaður Félags sjúkraþjálfara. Þetta hafa verið viðburðarík ár og stór verkefni á borði félagsins og stjórnar. Félagið skrifaði undir þrjá miðlæga kjarasamninga á árinu 2023 ásamt ýmsum verkefnum á sviði stofnanasamninga. Einnig hóf félagið formlega samningaviðræður fyrir hönd sjálfstætt starfandi félagsfólks við Sjúkratryggingar Íslands og eru þær viðræður komnar vel á leið eftir krefjandi og flókið samtal í kjölfar fjögurra ára samskiptaleysis með tilheyrandi áhrifum á okkar fólk. Tel ég það mikið hagsmunamál að sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfurum sé tryggður sterkur talsmaður til að berjast fyrir hagsmunum um kaup, kjör og vinnuumhverfi. Til að efla lýðræði og færa aukin réttindi til sjálfstætt starfandi félagsfólks var sú ákvörðun tekin að félagsfólk fengi tækifæri að kjósa um samning félagsins við Sjúkratryggingar, en það fyrirkomulag hefur ekki verið notað áður.

Stórt skref var stigið í aðgengismálum þegar ráðherra breytti ákvæðum reglugerðar sem heimilaði einstaklingum aftur að sækja þjónustu sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara með endurgreiðslu í sex skipti án þess að vera með beiðni. Náðist þessi áfangi eftir mikla vinnu og þátttöku félagsins í formlegum starfshópi á vegum ráðuneytisins. Er þetta mikið hagsmunamál bæði fyrir félagsfólk sem og almenning og við höldum áfram að berjast fyrir bættu aðgengi á komandi misserum.

Hvað varðar önnur mál þá má meðal annars nefna áherslu félagsins á gagnamiðaða hagsmunabaráttu með útgáfu víðamikillar skýrslu „Bætt aðgengi, betri horfur“, þar sem ljósi var varpað á mikilvægi góðs aðgengis að þjónustu sjúkraþjálfara fyrir þróun örorku sem og þjóðhagslega hagkvæmni þjónustunnar. Vöktu niðurstöður skýrslunnar verulega athygli í fjölmiðlum, innan ráðuneytis og á Alþingi. Einnig er vert að telja upp yfirlýsingu stjórnar sem lýsti yfir áhyggjum af stöðu sjúkraþjálfunar á Landspítala, með vísun í mönnun stofnunar, starfsumhverfi og kjör. Ályktaði fagråd Landspítala okkur til stuðnings ásamt því að fjölmiðlar fjölluðu um stöðu okkar félagsfólks. Þetta eru einungis nokkur dæmi um þau mál sem ég hef unnið að ásamt stjórn félagsins síðustu tvö árin, en önnur sem mætti nefna er veruleg lækkun kostnaðar við hæfnipróf til starfsréttinda, bætt aðgengi að námskeiðum fyrir félagsfólk, virkjun faghópa félagsins til að efla og breikka þjónustu og fræðslu, Dagur sjúkraþjálfunar, samskipta vegferð með áherslu á sérfræðinga í klíniskum störfum ásamt ýmsum fagverkefnum og fræðastarfi.

## Til framtíðar

Framtíðin er björt fyrir fagið okkar og félagið. Tækifærin er ótal mörg og vil ég halda áfram að auka sýnileika sjúkraþjálfara á faglegan hátt með virkri þátttöku í þjóðfélagsmæðu um málefni er varða hagsmuni okkar og heilbrigðiskerfisins alls. Ég mun halda áfram að leggja áherslu á að byggja upp lýðræðislegt félag með góðri fag- og kjarþjónustu og að þekking okkar og sérfræðistaða sem lykilaðila innan heilbrigðiskerfisins verði í forgrunni þeirrar baráttu sem framundan er.

Kjaraviðræður eru nú að hefjast, en miðlægir kjarasamningar félagsins renna út 31. mars næstkomandi, og samningaviðræður fyrir hönd sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara við Sjúkratryggingar eru áframhaldandi. Ég held áfram að vinna að og berjast fyrir bættum kjörum og starfsumhverfi fyrir allt okkar félagsfólk sama hvar sem það starfar.

Kæra félagsfólk, ég vona að þið veitið mér ykkar traust og atkvæði til að starfa áfram sem formaður Félags sjúkraþjálfara og þar með fá tækifæri til að bæði ýta úr vör nýjum verkefnum og fylgja eftir þeim fjölmörgu verkefnum sem verið er að vinna að.

Með bestu kveðju

Gunnlaugur M. Briem